



## Skýrsla um samráð

### Efni samráðs

Hvítbók um byggðamál

### Samráð hófst

14. maí 2021

### Samráð lauk

31. maí 2021

### Fjöldi umsagna

34

### Umsagnaraðilar

Flestar umsagnir eða 12 talsins komu frá sveitarfélögum og samtökum þeirra. Ein umsögn barst frá opinberu fyrirtæki en aðrar umsagnir komu frá hagsmunasamtökum eða einstaklingum.

### Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Hvítbók um byggðamál var lögð fram til umsagnar í samráðsgátt Stjórnvalda á Ísland.is dagana 14. - 31. maí 2021 og bárust 34 umsagnir.

Umsagnirnar eru almennt jákvæðar og uppbyggilegar. Við sumum þeirra var unnt að bregðast við með því að færa inn í þingsályktunartillögu eða greinargerð hennar. Öðrum umsögnum verður tekið mið af eftir atvikum í vinnu við framkvæmd byggðaáætlunar. Athygli vekur að alls 12 umsagnir tengjast beint aðgerðinni *A.9 Verslun í strjálbýli* þar sem lýst er yfir stuðningi við aðgerðina og ítrekað er mikilvægi hennar til að auka sjálfbærni smærri dagvöruverslana í strjálbýli.

Gagnrýni í umsögnum snýr helst að því að í drögum að aðgerðaáætlun í hvítbókinni er ekki gerð grein fyrir fjármögnun aðgerða. Í tillögu til þingsályktunar kemur hins vegar fram tillaga að fjárveitingu af byggðaáætlun.

### Að loknu samráði

Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 hefur verið send Alþingi til útbýtingar.